

Anheuser-Busch gegn Portúgal

Dómur frá 11. janúar 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 73049/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Vörumerki.

1. Málsatvik

Kærandi, Anheuser-Busch, er bandarískt fyrirtæki, skráð í St. Louis í Missouri. Kærandi framleiðir bjór sem er markaðssettur og seldur undir nafninu „Budweiser“. Árið 1981 sótti kærandi um að „Budweiser“ yrði skrásett sem vörumerki í Portúgal. Þeirri beiðni var ekki sinnt þar sem „Budweiser bier“ hafði þegar verið skráð sem framleiðsluvara tékknesks fyrirtækis, Budějovický Budvar. Árið 1989 sótti kærandi um að þeirri skráningu yrði vikið til hliðar. Fallist var á þá kröfu árið 1995 og vörumerkið „Budweiser“ í kjölfarið skráð í Portúgal. Budějovický Budvar mótmælti þeirri ákvörðun fyrir dómstólum á grundvelli sammings sem væri í gildi milli Tékklands og Portúgal og ætlað að vernda skráðar framleiðsluvörur. Budějovický Budvar tapaði málinu í undirréttri en áfrýjunardómstóll sneri dómnum og niðurstaðan varð því sú að meina ætti um skráningu vörumerkisins „Budweiser“ í Portúgal. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að samningurinn sem byggt var á í málinu hefði ekki tekið gildi fyrr en eftir að beiðni um skráningu vörumerkisins hefði verið móttækin. Þá hélt kærandi því fram að réttur til verndar vörumerkis skyldi vera tryggur frá þeim degi er sótt væri um skráningu þess. Taldi kærandi að brotið hefði verið á rétti sínum til að njóta eigna sinna í friði. Til stuðnings þessu var vísað til 1. gr. 1. sammingsviðauka við sáttmálann.

Niðurstaða deildar

Það var niðurstaða í dómi deildar frá 11. október 2005 að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. gr. 1. sammingsviðauka. Tveir dómárar skiluðu séráliti. Málinu var að beiðni kæranda, og með vísan til 43. gr. sáttmálans, vísað til yfirdeildar.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn féllst á að skráð vörumerki gæti talist eign í skilningi greinarinnar, jafnvel þó um væri að ræða eign sem hægt væri að afturkalla að vissum skilyrðum uppfylltum. Alitaefnið sem dómstóllinn þurfti að leysa úr sneri því að því hvort brotið hefði verið gegn friðhelgi eignarréttar kæranda með því að hafna umsókn um skráningu sem lögð hefði verið fram árið 1981 með hliðsjón af samningi sem kom síðar til. Tekið var fram að kvörtun kæranda lyti í aðalatriðum að því hvernig innlendir dómstólar hefðu beitt lögum í málinu. Í þessu sambandi tók dómstóllinn fram að hans hlutverk væri ekki að koma í stað innlendra dómstóla, heldur einungis að kanna hvort niðurstöður þeirra væru litaðar af hlutdrægni eða á annan hátt augljóslega óréttmætar. Þar sem ekkert slíkt kæmi til í málinu gæti dómstóllinn ekki endurskoðað niðurstöðu hæstaréttar í Portúgal eða túlkun hans á samningnum. Hæstiréttur hefði einfaldlega leyst úr ágreiningi aðila á grundvelli þeirra gagna sem hann taldi koma til skoðunar. Með því hefði ekki verið brotið gegn rétti kæranda til að njóta eigna sinna í friði.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. sammingsviðauka. Tveir dómárar skiluðu séráliti.